

## **Fjórði stjórnarfundur Þekkingarseturs Suðurnesja**

### **Fundargerð**

Fundur haldinn föstudaginn 16. nóvember 2012 kl. 14:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

#### **Viðstaddir:**

Erla Ósk Pétursdóttir, fulltrúi SSS

Gunnar Þór Hallgrímsson, fulltrúi Náttúrustofu Reykjaness

Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum

Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja

Sigrún Árnadóttir, stjórnarformaður

#### **Boðaðir en fjarverandi:**

Hjálmar Árnason, varafulltrúi Keilis

Stjórnarformaður setti fundinn.

Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð. Karl Sölvi og Þorvaldur eiga eftir að skrifa undir. Að því loknu verður hún send á tölvupósti til stofnaðila.

#### **Dagskrá fundarins:**

##### 1. Samningur Þekkingarsetursins við Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Farið var yfir samninginn, sem unninn var í ráðuneytinu. Engar athugasemdir gerðar. Hann verður undirritaður miðvikudaginn 21. nóvember.

##### 2. Samningur vegna húsnæðiskaupa

Kaupsamningur og lánasamningur vegna kaupa Þekkingarsetursins á Garðvegi 1 kynntir. Þrír samningar verða gerðir samhliða kaupsamningi: viðauki, viðhaldssamningur og samningur vegna sýninga. Stjórn lagði áherslu á að farið yrði löglega að öllu, m.a. með tilliti til þess að Þekkingarsetrið er sjálfseignarstofnun. Lagt var til að fenginn yrði óháður lögfræðingur til að fara yfir alla samninga fyrir hönd Þekkingarsetursins áður en þeir verða undirritaðir. Rætt var um fyrirkomulag sýninganna, móttöku gjafa á sýningarnar, gripina og eignarhald á þeim og viðhald á húseigninni.

Afgreiðsla málsins: Ganga þarf frá öllum samningum fyrir áramót. Skoða þarf eignarhald muna áður en samningur vegna sýninga verður gerður. Forstöðumaður mun gera drög að viðhaldssamningi og samningi vegna sýninga. Aðrir samningar verða unnir af KPMG fyrir Sandgerðisbæ.

### 3. Nýtt merki þekkingarsetursins

Auglýsingastofan Skissa sem staðsett er á Ásbrú var fengin til að hanna merki fyrir þekkingarsetrið. Það verður afhjúpað við undirritun samnings við menntamálaráðuneytið. Tvær tillögur voru kynntar og var önnur þeirra valin.

Afgreiðsla málsins: Ákveðið var að fá merkið sem varð fyrir valinu í fleiri litasamsetningum sem forstöðumaður velur svo úr og lætur prenta fyrir undirritun samningsins.

### 4. Uppfærð rekstraráætlun næsta árs

Forstöðumaður kynnti uppfærða rekstraráætlun sem var samþykkt. Rætt var um stjórnarlaun og þá ábyrgð sem fylgir stjórnarsetu.

### 5. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 16:00.

Hanna María Kristjánsdóttir tók saman fundargerð.

---

Sigrún Árnadóttir - SIGN

---

Erla Ósk Pétursdóttir - SIGN

---

Gunnar Þór Hallgrímsson - SIGN

---

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN